



Reykjanesbær, 20. júlí 2026

Mál nr. 2026060438

Lóðaframboð fyrir leiguhúsnæði – svör við fyrirspurn

Lögð fram svör við fyrirspurn bæjarfulltrúa Framsóknarflokks og Samfylkingar frá 2. júlí 2026.

1. Hver er stefna nýja meirihlutans um lóðaframboð fyrir óhagnaðardrífín leigufélög til uppbyggingar fyrir eldra fólk?

Meirihlutinn leggur áherslu á aukið lóðaframboð og fjölbreytta húsnæðisuppbyggingu. Við úthlutun og skipulag nýrra lóða verður horft til ólíkra húsnæðisparfa íbúa, þar á meðal eldri borgara.

2. Hver er stefna nýja meirihlutans um lóðaframboð fyrir íbúðir fyrir fatlað fólk?

Meirihlutinn leggur áherslu á öfluga velferðarþjónustu og að styðja við sjálfstæða búsetu. Við skipulag og uppbyggingu verður tekið mið af þörfum fatlaðs fólks, líkt og annarra íbúa sveitarfélagsins.

3. Hver er stefna nýja meirihlutans um lóðaframboð fyrir félagslegt húsnæði?

Meirihlutinn hyggst auka framboð lóða í Reykjanesbæ og við skipulag þeirra verður tekið mið af þörfum félagslegs húsnæðis samhliða annarri uppbyggingu. Með auknu lóðaframboði og afnámi innviðagjalda, þegar að því kemur, vill meirihlutinn stuðla að hagkvæmari húsnæðisuppbyggingu og auðvelda fólki úr öllum stéttum að eignast eigið heimili.

Gunnlaugur Kárasón,

formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar